

Yfirlitsskýrsla

Sendiráðs Íslands í Brussel



Fyrri hluti árs 2012

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
INNGANGUR	3
ALMENNT UM STARFSEMI SENDIRÁÐSINS	3
STARFSMANNABREYTINGAR	3
UPPLÝSINGAMIDLUN	3
HEIMSÓKNIR OG FUNDIR	4
EES-SAMNINGURINN	4
REGLUGERÐ UM ALMANNATRYGGINGAR TEKUR GILDI	5
ATHUGASEMDIR VIÐ KRÖFUR UM EIGIÐ FÉ	5
SIGLINGAÖRYGGI BÆTT	5
FLUGVALLARGJÖLD SAMHÆFD	6
TILSKIPUN UM VÉLKNÚIN ÖKUTÆKI	6
ERASMUS FYRIR ALLA OG HORIZON 2020	6
VIÐBRÖGÐ VIÐ HRYÐJUVERKUM	7
HAGSTÆÐAR MARKAÐSADSTÆÐUR MIKILVÆGAR	7
BREYTT UMGJÖRÐ FYRIR RAFRÆN VIÐSKIPTI	7
TILLÖGUR UM ÚRLAUSN ÁGREININGS	8
TILSKIPUN UM ÞJÓNUSTU HLJÓÐ- OG MYNDMIÐLA	8
REGLUR ESB UM FLUTNINGA Á VEGUM	8
REGLUR UM FJÁRMÁLAEFTIRLIT Í EVRÓPU	8
VIÐSKIPTAKERFI ESB MEÐ LOSUNARHEIMILDIR	9
REGLUGERÐ UM MERKINGAR OG PAKKNINGAR EFNAVARNINGS	10
STARFSEMI STARFSMANNALEIGA	10
VARÐVEISLA STAFRÆNNA UPPLÝSINGA	10
SKÝRSLA NORÐMANNA UM EES-SAMSTARFIÐ	11
SCHENGEN	12
STÆKKUN SCHENGEN SAMSTARFSINS	12
LANDAMÆRAREGLUR SCHENGEN OG MATSKERFI	12
STJÓRNUN SCHENGEN	13
VEGABRÉFSÁRITANIR	13
VEGVÍSIR UM VIÐBRÖGÐ VIÐ INNFLYTJENDUM	13
SISII KERFIÐ	13
SAMSKIPTI VIÐ ESB	14
AÐILDARVIÐRÆÐUR VIÐ ESB	14
UTANRÍKISÞJÓNUSTA ESB OG ÍSLAND	14
SAMSKIPTI ÍSLENSKRA STJÓRNVALDA VIÐ EVRÓPUÞINGIÐ	16
FORMENNSKURÍKI ESB 2012	17
FORMENNSKA DANA (JANÚAR – JÚNÍ 2012).....	17
FORMENNSKA KÝPUR (JÚLÍ – DESEMBER 2012)	18
LEIÐTOGAFUNDUR ESB Í JÚNÍ	19
EFST Á BAUGI Á EVRÓPUÞINGINU	20
INNGANGUR	20
FORMENNSKA DANA	20
EFNAHAGSMÁL	20
DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL	21
STÆKKUNARMÁL	21
MANNRÉTTINDA-, UTANRÍKIS- OG ÞRÓUNARMÁL	22
ÖNNUR MÁL	22
MENNINGARMÁL	23

Inngangur

Almennt um starfsemi sendiráðsins

Meginhluti hefðbundinnar starfsemi sendiráðsins var sem endranær tengdur aðild Íslands að samningnum um evrópska efnahagssvæðið og Schengen auk almennrar hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB. Þá beindust kraftar starfsmanna sendiráðsins að almennum sendiráðsstörfum gagnvart umdæmisríkjum sendiráðsins, Belgíu, Hollandi, Lúxemborg, Sviss og San Marínó. Í þessari skýrslu er farið yfir helstu fundi og mál sem á daga sendiráðsins drifu þessa fyrstu sex mánuði ársins 2012. Að þessu sinni er sjónum beint sérstaklega að EES samstarfinu sem var í deiglu í byrjun ársins þegar norsk sérfræðinefnd kynnti niðurstöður úttektar á því hvernig samningurinn hafi reynst Noregi í gegnum tíðina og umræðum um hana í kjölfarið.

Ýmis mál voru tekin fyrir á vettvangi EES-samstarfsins fyrri hluta ársins og gerð grein fyrir þeim helstu í sérstökum kafla í þessari skýrslu. Meðal þeirra má nefna tilskipanir Evrópusambandsins um tímabundna varðveislu gagna, starfsemi starfsmannaleiga, þjónustu hljóð og myndmiðla, almannatryggingar, siglinga- og umferðaröryggi, þjónustu flugvalla og tillögur að menntaáætlunum Erasmus fyrir alla og Horizon 2020.

Undanfarna sex mánuði hefur aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu verið í deiglu í starfi sendiráðs Íslands í Brussel. Ísland átti gott samstarf við stofnanir Evrópusambandsins vegna aðildarumsóknar Íslands á tímabilinu. Alls var opnað fyrir viðræður um sjö kafla á meðan formennsku Dana að ráðherraráðinu stóð. Þá var lokið viðræðum um tvo kafla. Í júní var haldin fjórða ríkjaráðstefna Íslands og ESB um aðildarviðræðurnar á ráðherrastigi. Opnað hafði verið fyrir viðræður um átján kafla í aðildarferlinu í lok júní og var tíu þeirra lokið.

Ísland átti áfram ánægjulegt samstarf við utanríkisþjónustu ESB. Íslandi hefur meðal annars boðist að taka þátt í reglulegum skoðanaskiptum um utanríkisstefnu ESB með öðrum umsóknarríkjum að ESB auk þess að taka þátt í slíkum fundum sem aðili að EFTA ásamt Noregi og Liechtenstein. Á fyrri helmingi þessa árs kynnti utanríkisþjónusta ESB meðal annars norðurslóðastefnu sambandsins þar sem sérstaklega er vikið að mikilvægi Íslands. Fjallað er nánar um samstarf sendiráðsins við utanríkisþjónustu ESB í sérstökum kafla í þessari skýrslu.

Starfsmannabreytingar

Nokkrar starfsmannabreytingar urðu á tímabilinu í sendiráðinu. Erna Hallgrímsdóttir, sendiráðunautur, lét af störfum í mars. Í hennar stað hóf Sigríður Eysteinsdóttir störf hjá sendiráðinu í byrjun júlí. Hinrika Sandra Ingimundardóttir og Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, starfsmenn, létu af störfum í febrúar. Í þeirra stað hófu störf hjá sendiráðinu þau Sigurjóna Hreindís Sigurðardóttir og Róbert Hlynur Baldursson í febrúar og mars. Þá störfuðu tveir starfsmenn hjá sendiráðinu í skemmri tíma við tímabundin verkefni. Annars vegar starfaði hjá sendiráðinu Gunnar Örn Arnarson í níu vikur í tengslum við meistaranám hans í opinberri stjórnsýslu. Þá starfaði Jessica Dvergnies-Westraete hjá sendiráðinu í þrjár vikur við þýðingar í tengslum við meistaranám hennar.

Upplýsingamiðlun

Í apríl opnaði sendiráðið sinn eigin notendareikning á samskiptasíðunni Twitter til að kynna starfsemi þess, styrkja tengsl þess við hagsmunaaðila í Evrópu og á Íslandi og efla upplýsingamiðlun um Evrópumál og Ísland. Róbert Hlynur Baldursson, starfsmeni, og Niamh O'Donnellan, tengiliður við Evrópuþingið, fóru með stjórn verkefnisins. Í lok júní höfðu um

180 manns fylgt fréttaveitu sendiráðsins á Twitter. Stefnt er að því að fjölga fylgjendum sendiráðsins á Twitter í nokkur hundruð á næstu mánuðum. Twitter verkefnið hefur reynst vel til að miðla upplýsingum um þau mál sem efst eru á baugi, eins og ríkjaráðstefnum Íslands og ESB. Útfæra á verkefnið nánar á seinni helmingi ársins og bæta aðgengi að Twitter síðunni, svo sem í gegnum aðrar vefsíður og samfélagsmiðla.

Heimsóknir og fundir

Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, fundaði með Catherine Ashton, yfirmanni utanríkis- og öryggismálastefnu ESB, og starfsbræðrum sínum frá öðrum umsóknarríkjum í Brussel þann 22. mars sl. Fundinn sátu einnig utanríkisráðherrar formennskuþríeykis sambandsins sem og ráðherrar nokkurra annarra aðildarríkja þess. Utanríkisráðherra einnig í Brussel dagana 14. til 15. maí og fundaði þá með Stefan Füle, framkvæmdastjóra stækkunarmála ESB og Stefano Sannino, sviðsstjóra stækkunarmála ESB. Í júnímánuði, í tengslum við ríkjaráðstefnu Íslands og ESB, fundaði utanríkisráðherra með Jean Asselborn, starfsbróður sínum í Lúxemborg. Þá fundaði Einar Gunnarsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins með Stefano Sannino, sviðsstjóra stækkunarmála ESB þann 27. janúar sl.

Steingrímur J. Sigfússon efnahags- og viðskiptaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fundaði með Stefano Sannino, sviðsstjóra stækkunarmála ESB þann 25. janúar sl. Með honum í för var Sigurgeir Þorgeirsson, ráðuneytisstjóri sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Ráðherrann fundaði jafnframt með Maria Damanaki, framkvæmdastjóra sjávarútvegsmála ESB, Stefan Füle, framkvæmdastjóra stækkunarmála ESB og Dacian Ciolos, framkvæmdastjóra landbúnaðarmála ESB

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands heimsótti Brussel dagana 23. til 25. apríl sl. í tengslum við evrópsku sjávarútvegssýninguna.

Að vanda hafa hópar sótt sendiráðið heim en slíkar heimsóknir eru hluti af reglubundinni starfsemi sendiráðsins. Á fyrri helmingi ársins 2012 má nefna heimsóknir stjórnar Já Ísland, kennara Landakotsskóla, stjórn málafræðinema frá Háskóla Íslands og fulltrúa ferðapjónustunnar á Íslandi sem voru í skipulagðri heimsókn á vegum framkvæmdastjórnar ESB. Þá sóttu fulltrúar sveitafélaga sendiráðið heim í tengslum við heimsókn sem framkvæmdastjórn ESB skipulagði (LAF).

EES-samningurinn

Fastanefnd EFTA og sameiginlega EES-nefndin hittust alls fjórum sinnum á fyrri hluta árs 2012. Teknar voru ákvarðanir um að taka alls 215 gerðir inn í EES-samninginn. Ísland fór með formennsku í fastanefnd EFTA frá byrjun árs og fram í lok júní en utanríkisþjónusta ESB fór með formennsku sameiginlegu EES nefndarinnar. Ísland lagði áherslu á að fylgja eftir markmiðum Evrópu 2020 áætlunar ESB og þeim tillögum sem settar voru fram undir þeim formerkjum. Áfram var unnið að því í samstarfi við ESB að bæta upptöku gerða í gegnum EES-samninginn. Fulltrúar ESB og EFTA hafa sýnt því áhuga að bæta upptöku gerða en úrvinnsla margra þeirra hefur dregist á langinn. Þeirri vinnu verður fram haldið á seinna formennskutímabili EES nefndanna.

EES-ráðið hélt sinn 37. fund þann 14. maí og fór hann fram í Brussel. Fundinum stýrði Villy Søvndal, utanríkisráðherra Danmerkur, fyrir hönd ESB. Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, sótti fundinn ásamt samráðherrum EFTA EES ríkjanna þeim Martin Meyer, aðstoðarforsætisráðherra Liechtenstein, og Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs. Á fundinum var rætt almennt um virkni EES samningsins og samleitni hans, afleiðingar

alþjóðlegu fjármálakreppunnar fyrir EES samstarfið, ákvarðanatöku og áhrif, orku- og umhverfismál og starfsemi Þróunarsjóðs EFTA.

Í janúar kynntu Norðmenn skýrslu verkefnisstjórnar sem rannsakaði hvernig EES-samningurinn hefur reynst Noregi frá því hann var innleiddur þar. Á námskeiði sem framkvæmdastjórn EFTA heldur á hálfis árs fresti um EES-samninginn og fór fram þann 19. janúar að þessu sinni, var lögð sérstök áhersla á að kynna niðurstöðu skýrslunnar. Framsögumenn voru aðalhöfundar skýrslunnar þeir Ulf Sverdrup og Fredrik Sejersted. Nánar er gerð grein fyrir niðurstöðum tvímenninganna í sérstökum kafla þessarar yfirlitsskýrslu sendiráðsins

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu málin sem hafa verið til umfjöllunar í EES samstarfinu fyrir hluta árs 2012:

Reglugerð um almannatryggingar tekur gildi¹

Þann 1. júní tóku nýjar reglur um samhæfðar almannatryggingar gildi í EES ríkjunum. Reglugerðin uppfærir og bætir samhæfingu almannatryggingakerfa milli landamæra. Þetta er mikilvægur þáttur í frjálstri för fólks innan EES svæðisins. Sviss hafði þegar tekið upp reglugerðina þann 1. apríl 2012 í gegnum tvíhliða samkomulag við ESB. Reglugerðin nær nú til allra ríkisborgara EES ríkjanna sem hafa notið almannatryggingakerfis þeirra heimaríkis sem og fjölskyldna þeirra og aðstandenda. Samkvæmt reglugerðinni eiga allir borgarar EES sama rétt á tryggingum þrátt fyrir að þeir búi í öðru ríki innan EES en þjóðerni þeirra kveður á um. Með öðrum orðum, þá bætir reglugerðin getu borgara innan EES á að velja atvinnu, nám, ferðalög eða dvalarstað á efri árum í öðrum ríkjum efnahagssvæðisins án þess að eiga í hættu á því að verða af einhverjum réttindum.

Athugasemdir við kröfur um eigið fé

EES EFTA ríkin sendu frá sér athugasemdir við tillögur framkvæmdastjórnar ESB að reglugerð² og tilskipun³ vegna krafna til fjármálafyrirtækja um eiginfjárlutfall. Athugasemdirnar voru unnar af vinnuhópi EFTA um fjármálaþjónustu. Í athugasemdinni fara EES EFTA ríkin þess á leit við ESB að ríkjum verði veittur réttur til þess að setja strangari kröfur um eiginfjárlutfall til fyrirtækja sem byggðar séu á stefnu þeirra varðandi fjármálastöðugleika. EES EFTA ríkin töldu mikilvægt að sameiginlegar reglur giltu um eiginfjárlutfall á innri markaði sambandsins en létu í ljós áhyggjur af hugmyndum ESB um að innleiða sameiginlegar kröfur um eigið fé og greiðsluhæfi. Töldu þau að tillaga ESB samræmdist ekki Basel III reglunum sem kváðu aðeins á um lágmarkshlutfall.

Siglingaöryggi bætt

Þriðji pakki ESB um siglingaöryggi⁴ var tekinn inn í EES samninginn þann 30. mars. Evrópuþingið og ráðherraráðið höfðu samþykkt pakkann árið 2009. Markmið hans er að auka

¹ Regulation (EC) 987/2009 of the European Parliament and the Council laying down the procedure for implementing Regulation (EC) No 883/2004 on the coordination of social security systems.

² Proposal for a regulation of the Parliament and the Council no. COM 2011 0452 on prudential requirements for credit institutions and investment firms

³ Proposal for a directive of the European Parliament and the Council on the access to the activity of credit institutions and the prudential supervision of credit institutions and investment firms and amending Directive 2002/87/EC of the European Parliament and of the Council on the supplementary supervision of credit institutions, insurance undertakings and investment firms in a financial conglomerate no. COM 2011/0203

⁴ Third Maritime Safety Package (Erika I and Erika II) including two regulations (no. 391/2009 and 392/2009) and six directives (no. 2009/15/EC; 2009/16/EC; 2009/17/EC; 2009/18/EC; 2009/20/EC and 2009/21/EC).

samkeppnishæfni markaðarins þannig að þeir hagnist sem fari eftir settum öryggisviðmiðum. Með þessum hætti er þrýst á þau fyrirtæki sem ekki standa sig um að gera betur. Þá felur pakinn einnig í sér úrræði til að fyrirbyggja slys og bæta neyðarstjórnun. Þar á meðal er nýtt kerfi fyrir eftirlit með skipum, möguleiki á að gera sérstakar rannsóknir á sjóslysum og auknar kröfur til þeirra ríkja þar sem skip eru skráð. Þá verða réttindi skipsfarþega bætt þar sem auknar skaðabótakröfur verða gerðar til skipsfélaga, t.d. ef farangur skemmist um borð.

Flugvallargjöld samhæfð

Tilskipun um flugvallargjöld var tekin inn í EES samninginn þann 30. mars. Var tilskipunin upphaflega lögð fram vegna þess að margskonar kerfi eru í notkun um slík gjöld. Setur hún sameiginleg viðmið um fyrirkomulag flugvallagjalda og eykur kröfur um gagnsæi. Tilskipunin fyrirbyggir sömuleiðis mismunun vegna gjalda sem tekin eru fyrir sömu þjónustu. Eiga flugfélög að borga sömu upphæð fyrir þá þjónustu sem þau þiggja á flugvöllum. Engu að síður verður flugvöllum áfram í sjálfsvald sett að ákveða hvaða gjöld þeir leggi á þjónustuna.

Tilskipun um vélknúin ökutæki

Í febrúar var evrópsk rammatilskipun⁵ um vélknúin ökutæki tekin inn í EES-samninginn. Tilskipunin einfaldar þau viðmið sem gilda um ökutæki á innri markaði ESB, bætir öryggi farþega og gerir kröfur um umhverfisvernd. Skylda verður að setja ABS bremsukerfi í bíla, og sérstakar tegundir baksýnispegla og ljósabúnaðs. Tilskipunin felur líka í sér úrræði sem ætlað er að vernda hjólreiðafólk og gangandi vegfarendur ef þeir lenda í árekstri. Þá eru sett fram viðmið um útblástur koltvísýrings, eldsneytisnotkun, vélarkraft og útblásturs frá dísel knúnum vélabúnaði.

Erasmus fyrir alla og Horizon 2020

Í febrúar gerðu EES EFTA ríkin allnokkrar athugasemdir við tillögur framkvæmdastjórnar ESB að menntunar- og rannsóknaráætlunum ESB sem nefnast Erasmus fyrir alla⁶ og Horizon 2020⁷. Horizon 2020 er fjárhagsrammi fyrir nýsköpunaráætlun ESB sem er einn mikilvægasti þáttur í Europe 2020 áætluninni, sem ætlað er að styrkja samkeppnishæfni Evrópu á heimsmarkaðnum. Erasmus fyrir alla er uppfærð áætlun fyrir menntun, þjálfun og æskulýðs- og íþróttastarf sem stendur til að taki gildi árið 2014. EES EFTA ríkin styðja þessar áætlanir í meginráttum en telja hins vegar að þær megi bæta.

EES EFTA ríkin komu því á framfæri við framkvæmdastjórn ESB að ekki væri kveðið skýrt á um EES-samninginn í tillögum hennar. Þess vegna gæti komið upp óvissa vegna mismunandi túlkana á því hvaða þýðingu áætlunin hefði fyrir EES EFTA ríkin.

Erasmus fyrir alla á að einfalda umsóknarferli vegna styrkja til menntunar og draga úr tvíverksaði og dreifræði. Áætlunin sameinar fyrri menntaáætlanir eins og Lifelong Learning Programmes (Erasmus, Leonardo da Vinci, Comenius og Grundtvig), Youth in Action og svo fimm alþjóðleg menntaverkefni. Í nýju áætluninni er gert ráð fyrir því að sérstakt lánatryggingakerfi verði sett á fót vegna Erasmus nema á meistarastigi. EES EFTA ríkin studdu þá auknu áherslu sem lögð var á menntun ungs fólks og hreyfanleika þeirra í

⁵ Directive no. 2007/46/EC of the European Parliament and of the Council of 5 September 2007 establishing a framework for the approval of motor vehicles and their trailers, and of systems, components and separate technical units intended for such vehicles

⁶ Proposal for a regulation of the European Parliament and of the Council establishing “Erasmus for all” – The Union Programme for Education Training, Youth and Sport no. COM 2011/0371

⁷ Proposal for a regulation of the European Parliament and of the Council establishing Horizon 2020 - The Framework Programme for Research and Innovation (2014-2020) no. COM 2011/0401

evrópskum verkefnum. Hinsvegar hefðu þau viljað að menntaáætlunin legði fram aðgerðir á fleiri skólastigum, meðal annars til að taka á brottfalli úr skóla á fyrstu árum. Þá þyrfti að veita eldra fólki aukna athygli og sýnileika, eins og vegna símenntunarverkefna eða óformlegra menntaverkefna.

Viðbrögð við hryðjuverkum

Þann 30. apríl 2012 var ákveðið að taka upp evrópska tilskipun um mannvirki⁸ í EES-samninginn. Í tilskipuninni er kveðið á um viðmið sem skuli hafa að leiðarljósi við að bera kennsl á og hanna stofnmannvirki eins og flugvelli, neðanjarðarlestarleiðir, lestarstöðvar og orkustöðvar. Tilskipunin kveður á um nauðsyn þess að bæta eftirlit með slíkum mannvirkjum til að vernda fólk. Hún er bein afleiðing hryðjuverkanna í Madríd og Lundúnum árin 2004 og 2005. Samkvæmt tilskipuninni eru stofnmannvirki skilgreind sem þau sem myndu hafa veruleg áhrif á tvö eða fleiri Evrópulönd ef starfsemi þeirra truflast eða þau eyðileggjast.

Hagstæðar markaðsaðstæður mikilvægar

Ráðgjafanefnd EES hittist á Akureyri 3.-4. maí til að ræða stöðu fyrirtækja á sameiginlega markaðnum (Enterprise Dimension of the Single Market). Nefndarmenn lögðu áherslu á að þörf væri á sterkum og skilvirkum markaði svo að fyrirtæki geti þróast til að skapa störf og hagvöxt. Þeir undirstrikuðu að fyrirtæki væru lykilþátttakendur á sameiginlega markaðnum og að tryggja þurfi að markaðsaðstæður séu hagstæðar, sérstaklega vegna starfsemi smárra og meðalstórra fyrirtækja.⁹

Breytt umgjörð fyrir rafræn viðskipti

EES EFTA ríkin sendu dönsku formennskunni í ráðherraráðinu athugasemdir¹⁰ sínar við tillögur hennar að nýrri umgjörð fyrir rafræn viðskipti¹¹. Var tekið undir mikilvægi þess að styðja við viðskiptamódel sem væru í þróun og fjarlægja hindranir eins og misvísandi löggjöf og mismunandi viðmið. EES EFTA ríkin töldu mikilvægt að starfa saman á mismunandi sviðum rafrænna viðskipta og í þróun stafrænna samskipta. Þau lögðu áherslu á mikilvægi neytendaverndar þegar stafrænt efni væri keypt á netinu og að þær reglur sem væru samþykktar virkuðu sem skyldi. Fyrirtæki og hið opinbera ættu sömuleiðis að hafa alla möguleika á að nýta sér öll þau tæknilegu úrræði sem bjóðist. Þá studdu EES EFTA ríkin áform framkvæmdastjórnarinnar um að kanna hvað væri hægt að gera til að fyrirbyggja dreifingu ólöglegs efnis á netinu. Þá undirstrikuðu þau mikilvægi þess að PEPPOL-viðmiðin um útgáfu rafrænna reikninga næðu einnig yfir starfsemi einkafyrirtækja.

⁸ Council Directive 2008/114/EC of 8 December 2008 on the identification and designation of European critical infrastructures and the assessment of the need to improve their protection

⁹ European Economic Area Consultative Committee: Resolution and report on the enterprise dimension of the internal market ref. 1113570

¹⁰ EEA EFTA Comment on the Commission's Communication on "A coherent framework to build trust in the Digital single market for e-commerce and online service" ref. 1114017

¹¹ Commission Communication to the European Parliament, the Council, the Economic and Social Committee and the Committee of the Regions (2011) on a coherent framework for building trust in the Digital Single Market for e-commerce and online services

Tillögur um úrlausn ágreiningis

Þann 24. maí sendu EES EFTA ríkin frá sér athugasemdir við tillögur framkvæmdastjórnarinnar um tilskipun fyrir úrlausn viðskiptalegs ágreiningis (ADR)¹² og ágreiningis á netinu (ODR)¹³. EES EFTA ríkin töldu að tillögurnar um viðskiptalegan ágreining væru of metnaðarfullar og lögðu til að þær næðu aðeins til þeirra deilna sem neytendur vektu sjálfir máls á. Auk þess væru þeir 90 dagar sem framkvæmdastjórnin legði til sem tímafrest til að leysa úr ágreiningi skammur tími. Upplýsa þyrfti neytendur tímanlega um hvað tiltekin lausn á ágreiningi feli í sér. Mikilvægt sé að EES ríkin skiptist á upplýsingum um bestu lausnirnar og starfi saman þegar tilskipunin verður innleidd. Þá töldu EES EFTA ríkin að reglugerðin um úrlausn ágreiningis á netinu skuli takmarkast við viðskipti milli ríkja. Þá sé mikilvægt að taka áhrif mismunandi tungumála inn í myndina.

Tilskipun um þjónustu hljóð- og myndmiðla

Tilskipunin¹⁴ var tekin inn í EES-samninginn þann 15. júní 2012. Áður höfðu EFTA-ríkin sýnt mikinn mótþróa við að taka upp tilskipunina vegna þess að Noregur vildi fá sérstaka undanþágu frá ákvæðum hennar. Vildu Norðmenn viðhalda réttinum til að banna áfengisauglýsingar í sjónvarpi, þar á meðal hjá þeim sjónvarpsstöðvum sem eru starfræktar í öðru landi. Í tilskipuninni er hlutverk hljóð- og myndmiðla á netinu viðurkennt sem stór þáttur í fjölmiðlaneyslu manna. Þá felur tilskipunin í sér endurskoðaðar reglur um fjölmiðlaneyslu manna. Tilskipunin býr til sameiginlegan markað fyrir alla slíka þjónustu og eykur þar með fjölbreytni og áreiðanleika. Hún gerir margvíslegar breytingar á tilskipun sem áður gildi um starfsemi ljósvakamiðla milli landamæra.

Reglur ESB um flutninga á vegum

Viðræður hafa staðið yfir um nokkurt skeið við framkvæmdastjórn ESB um upptöku í EES-samninginn á reglum ESB um flutninga á vegum. Í þeim viðræðum hafa íslensk stjórnvöld gert kröfu um að hin svokallaða tólf daga regla fái að gilda áfram á Íslandi vegna hópferða hér á landi. Í reglunni er veitt heimild fyrir öikumenn hópferðabifreiða að aka í allt að tólf daga án hvíldardags, en í því felst undanþága frá almennu reglunni um að öikumönnum beri að taka hvíldardag á a.m.k. sex daga fresti. Sambærileg undanþága er í gildi fyrir öikumenn hópferðabifreiða í Evrópu að því tilskildu að ferð þeirra nái yfir landamæri. Framkvæmdastjórn ESB hefur hingað til ekki fallist á undanþágubeiðnina. Íslensk stjórnvöld sendu framkvæmdastjórninni ítarlegan rökstuðning fyrir ósk sinni með bréfi dags. 28. júní sl. og er svara framkvæmdastjórnarinnar beðið.

Reglur um fjármálaeftirlit í Evrópu

Að undanförunu hafa reglur um eftirlit með fjármálamörkuðum í Evrópu verið til umræðu á vettvangi EES samstarfsins. Fulltrúar tveggja EFTA-ríkja, Íslands og Noregs, hafa þar bent á stjórnskipuleg vandamál sem ríkin standa frammi fyrir gagnvart þessu nýja lagaumhverfi, þar sem líklegt væri að í upptöku reglnanna í EES-samninginn og innleiðingu þeirra í ríkjunum fælist meira framsal opinbers valds en staðist fengi ákvæði stjórnarskráa ríkjanna. Málið hefur

¹² Proposal no. 2011/0373 for a directive of the European Parliament and of the Council on alternative dispute resolution for consumer disputes and amending Regulation (EC) No 2006/2004 and Directive 2009/22/EC (Directive on consumer ADR)

¹³ Proposal no. 2011/0374 for a regulation of the European Parliament and of the Council on online dispute resolution for consumer disputes (Regulation on consumer ODR)

¹⁴ Directive 2007/65/EC of the European Parliament and of the Council of 11 December 2007 amending Council Directive 89/552/EEC on the coordination of certain provisions laid down by law, regulation or administrative action in Member States concerning the pursuit of television broadcasting activities.

verið kynnt ítarlega innanlands, meðal annars fyrir utanríkimálanefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.

Jafnframt var leitað lagaálits Stefáns Más Stefánssonar og Bjargar Thorarensen á málinu. Í álitinu kemur fram að innleiðing reglna ESB sem kveða á um heimildir þriggja evrópskra eftirlitsstofnana á fjármáلامarkaði til að taka bindandi ákvarðanir gagnvart íslenskum eftirlitsstofnunum og bindandi ákvarðanir sem hafa bein og íþyngjandi réttaráhrif gagnvart íslenskum fjármálafyrirtækjum, sé háð annmörkum með tilliti til íslensku stjórnarskrárinnar. Í þeim felist yfirþjóðlegt vald eftirlitsstofnana þar sem þátttökuréttur Íslands í ákvörðunum sé ekki tryggður og ekki um gagnkvæmni að ræða varðandi réttindi og skyldur aðildarríkjanna eða aðila innan þeirra. Með innleiðingu gerðanna yrði stigið skrefi lengra í framsali framkvæmdarvalds og dómsvalds en áður hefur verið fallist á að rúmist innan 2. gr. stjórnarskrárinnar, enda samrýmist hugsanleg innleiðing reglugerðanna ekki fyrri viðmiðum um afmarkað framsal á ríkisvaldi á takmörkuðu sviði. Í ljósi þessa telja Björg og Stefán Már að framsalið rúmist ekki innan venjuhelgaðrar reglu um að almenna löggjafanum sé heimilt að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli til alþjóðastofnana.

Í álitinu kemur fram að jafnvel þótt aðlögunartexta umræddra gerða yrði breytt þannig að ákvarðanir eftirlitsstofnananna byнду aðeins íslenska ríkið og stofnanir þess, en ekki fjármálafyrirtæki, yrði engu að síður verulegur vafi á því hvort hið nýja eftirlitskerfi á fjármáلامarkaði, sem sé eðlisólíkt tveggja stöða kerfi EES-samningsins og feli í sér aukið yfirþjóðlegt vald alþjóðastofnana, væri samrýmanlegt ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þó er tekið fram að „unnt sé að vinna að lausn á þessum grunni að því tilskildu að tveggja stöða kerfi EES-samningsins verði notað gagnvart Íslandi og þeim skilyrðum að öðru leyti fullnægt“. Þau vísa í því sambandi annars vegar til aðlögunartexta þess efnis að ákvarðanir eftirlitsráðsins byнду aðeins íslenska ríkið og stofnanir þess og hins vegar að ákvarðanir evrópsku eftirlitsaðilanna yrðu ekki lagalega bindandi þegar EFTA-ríkin ættu í hlut, heldur einungis í formi tilmæla.

Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir

Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, sem starfrækt hefur verið innan ESB frá árinu 2005, hefur tekið miklum breytingum síðan því var fyrst komið á fót. Gildissvið þess hefur verið rýmkað og uppbyggingu þess breytt. Frá og með 1. janúar 2013 mun kerfið bæði ná yfir fleiri tegundir staðbundinnar iðnaðarstarfsemi og fleiri tegundir gróðurhúsalofttegunda en það gerir nú. Þá er öll ákvarðanatáka innan kerfisins orðin miðlægari en upphaflega var.

Á fyrri hluta ársins var á vettvangi EES unnið að upptöku ETS-gerða í EES-samninginn sem tengjast framangreindri útvíkkun viðskiptakerfisins. Um mitt árið voru teknar upp í samninginn nokkrar lykilgerðir í því sambandi. Skal þar helst nefna tilskipun 2009/29 sem kveður á um fyrrgreinda útvíkkun kerfisins. Tilskipunin, sem innleidd var á Íslandi með lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál, felur meðal annars í sér að losun vegna járnframleiðslu, járnvinnslu (þar á meðal járnblendis) og álframleiðslu verði felld undir kerfið. Auk þess verða veigamiklar breytingar gerðar á uppbyggingu og stjórnskipulagi kerfisins hvað snertir staðbundinn iðnað og fela þessar nýju reglur í sér meiri einsleitni og samræmingu við framkvæmd kerfisins. Fjöldi losunarheimilda í kerfinu verður þannig ekki ákveðinn af hverju aðildarríki fyrir sig með landsbundnum úthlutunaráætlunum, líkt og verið hefur, heldur verða sett sameiginleg losunarmörk fyrir ESB í heild og losunarheimildum úthlutað eftir samræmdum reglum fyrir allt sambandið. Þá verða sífellt fleiri losunarheimildir boðnar upp með það að markmiði að engum losunarheimildum verði úthlutað endurgjaldslaust árið 2027.

Eitt af þeim álitamálum sem komið hefur upp í tengslum við upptöku ETS-gerða í EES-samninginn er hvort upptaka reglugerðar 1193/2011, um skráningarkerfi ETS, feli í sér víðtækara valdframsal en stjórnarskrár Íslands og Noregs heimili. Leitað var álits lagaprófessoranna Stefáns Más Stefánssonar og Bjargar Thorarensen á þessu álitaefni hvað heimildir íslenskrar stjórnskipunar varðar. Í áliti þeirra frá 12. júní 2012 kom fram að innleiðing reglugerðarinnar óbreyttrar væri háð annmörkum með tilliti til stjórnarskrárinnar að því er varðar framsal framkvæmdarvalds og dómsvalds til stofnana ESB.

Í álitinu var síðan lýst hugsanlegri lausn á því hvemig taka mætti umrædda gerð upp í EES-samninginn og innleiða í íslenskan landsrétt þannig að ákvæða stjórnarskrárinnar væri gætt. Það yrði gert með því að aðlaga texta hennar með þeim hætti að það samrýmdist sem best tveggja stoða kerfi EES-samningsins, í samræmi við þann aðlögunartexta sem til umræðu hafði verið hjá EFTA-ríkjunum. Lagt var til að áfram yrði unnið á grundvelli þessa aðlögunartexta og þeirra sjónarmiða sem tilgreind voru að öðru leyti í álitinu.

Reglugerð um merkingar og pakkningar efnavarnings

Í júní var EES-samningurinn aðlagður að reglum og viðmiðum ESB um greiningu, merkingar og pakkningar efnavarnings. Reglugerð ESB¹⁵ er byggð á viðmiðum Sameinuðu þjóðanna að samhæfðu kerfi fyrir alla heimsbyggðina. Búist er við því að tilskipunin auðveldi viðskipti og samhæfi samskipti vegna upplýsinga um hættuleg efni og auki skilvirkni reglugerða. Samkvæmt tilskipuninni verður appelsínugula þríhyrningnum skipt út fyrir merki á hvítum bagrunni og rauðum ramma. Tvennar merkingar verða kynntar til sögunnar fyrir hættuleg efni eftir skaðsemi þeirra.

Starfsemi starfsmannaleiga

Tilskipun ESB um starfsemi starfsmannaleiga¹⁶ var nokkuð til umræðu innan EES samstarfsins. Á fyrri hluta ársins beittu fulltrúar stéttarfélaganna norsk stjórnvöld miklum þrýstingi til að hafna tilskipuninni á grundvelli neyðarákvæðis EES-samningsins. Héldu þeir því fram að tilskipunin myndi auka hættuna á félagslegum undirboðum á vinnumarkaðnum. Skipulögðu andstæðingar tillögunnar marga mótmælafundi vegna þessa í Noregi. Hinsvegar höfðu fulltrúar ESB lagt áherslu á að EFTA ríkin stæðu við sinn hlut. Hafði upptöku tilskipunarinnar verið slegið á frest. Norðmenn vildu gera ýmsa fyrirvara við hana ef hún yrði tekin upp.

Varðveisla stafrænna upplýsinga

Viðræðum um tilskipun vegna varðveislustafrænna upplýsinga var fram haldið á vettvangi EES-samstarfsins. Samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr. tilskipunar nr. 2006/24/EC¹⁷ um skulu aðildarríki Evrópusambandsins innleiða löggjöf þar sem mælt sé fyrir um að varðveita öll gögn sem verða til við símnótun og netnotkun einstaklinga í að minnsta kosti sex mánuði og allt að tvö ár. Í tilskipuninni kemur fram að sá aðili sem starfrækir fjarskiptaþjónustu eða netþjónustu skuli varðveita gögnin. Markmið varðveislunnar er að tryggja að gögn séu til í

¹⁵ Regulation (EC) No 1272/2008 of the European Parliament and of the Council of 16 December 2008 on classification, labelling and packaging of substances and mixtures, amending and repealing Directives 67/548/EEC and 1999/45/EC, and amending Regulation (EC) No 1907/2006

¹⁶ Directive 2008/104/EC of the European Parliament and of the Council of 19 November 2008 on temporary agency work

¹⁷ Directive 2006/24/EC of the European Parliament and of the Council of 15 March 2006 on the retention of data generated or processed in connection with the provision of publicly available electronic communications services or of public communications networks and amending Directive 2002/58/EC

þeim tilgangi að rannsaka, greina og saksækja fyrir alvarlega glæpi, sbr. 1. mgr. tilskipunarinnar.

Ísland gerði athugasemdir við tilskipunina og hefur afgreiðslu málsins verið frestað nokkrum sinnum á fundum EES nefndanna. Ísland hefur talið að þessar reglur eigi ekki heima í EES-samningnum því þær eigi ekki við um innri markað Evrópusambandsins. Að auki sé í gangi vinna innan ESB við endurskoðun tilskipunarinnar.. .

Skýrsla Norðmanna um EES-samstarfið

Í janúar stóð EFTA fyrir kynningu á skýrslu norskrar sérfræðinganeftar á EES-samstarfinu. Formenn nefndarinnar voru þeir Fredrik Sejersted og Ulf Sverdrup, prófessorar í Evrópulöggjöf. Nefndin var skipuð árið 2010 og tók hún sér því tvö ár til að skrifa skýrsluna.

Í skýrslunni, sem var 911 síður að lengd, var komist að þeirri niðurstöðu að samstarfið hefði gagnast Norðmönnum vel en að það fæli í sér alvarlegan lýðræðishalla þar sem Norðmenn tækju við megninu af löggjöf Evrópusambandsins án þess að hafa nokkuð um hana að segja. Yfirskrift skýrslunnar, „Fyrir utan og innan“, útskýrir vel helstu niðurstöður hennar enda lýsir hún því hvernig norska stjórnvöldin hefur Evrópuvæðst þrátt fyrir að Noregur standi utan Evrópusambandsins. EES-samningurinn hefur haft jákvæð efnahagsleg áhrif í Noregi en pólitískt séð hefur Noregur afar takmörkuð áhrif. Samkvæmt skýrslunni hefur norska Stórþingið samþykkt um átta þúsund tilskipanir á átján árum og í langflestum tilvikum voru þær afgreiddar án nokkurrar umræðu. Þetta gerir um þrjú fjórðu hluta allra lagagerða Evrópusambandsins. Um þriðjungur norskra laga er byggður á lagagerðum ESB. Norsk stjórnvöld hafa í gegnum tíðina almennt verið sammála þeirri stefnu sem ESB hefur fylgt og hafa þar af leiðandi fylgt sambandinu að máli. Tengsl Noregs við ESB eru nánast jafn sterk og aðildarríkjanna sjálfra, eins og Bretlands.

Samningar Noregs við Evrópusambandið eru veigamestu þættirnir í utanríkisstefnu landsins eins og niðurstöður skýrslunnar sýna. EES-samstarfið hefur ekki aðeins haft áhrif á efnahag Noregs og viðskiptalíf, heldur einnig vinnumarkaðinn almennt, velferðar- og heilbrigðiskerfið, orku-, umhverfis-, sjávarútvegs-, jafnréttis- og innflytjendamálaflokkum landsins svo eitthvað sé nefnt. Helsti ókostur EES-samningsins sé sá að Noregur sé skuldbundinn til að taka upp lagagerðir í þessum málaflokkum sem hafi beinar afleiðingar án þess að hafa atkvæðisrétt og takmörkuð áhrif. Þetta geri það að verkum að þjóðfélagsumræðan um Evrópumál verður oft villandi og gerir nánast ómögulegt að kalla kjörna fulltrúa til ábyrgðar fyrir tengd málefni. Evrópa hefur sömuleiðis breyst mjög mikið frá því EES-samningurinn var fyrst undirritaður, eins og þegar sambandið var stækkað í austurátt. Sömuleiðis hefur dregið úr styrk EES EFTA ríkjanna gagnvart ESB þar sem þeim hefur fækkað úr sjö í þrjú, Ísland, Noreg og Liechtenstein. Umgjörð samningsins sjálfs er aftur á móti óbreytt. Engu að síður telja skýrsluhöfundar ljóst að EES-samningurinn hafi búið til ramma utan um samskipti Noregs og ESB sem tryggji stöðugleika og tiltölulega fyrirsjáanlega afgreiðslu mála.

Í Noregi urðu heitar umræður um niðurstöður skýrslunnar. Fylkingar hlynntar og andvígur aðild Noregs að ESB notuðu báðar skýrsluna til að styðja þeirra málstað. Í Noregi hafði á sama tíma ekki mælst eins mikil andstaða við ESB í áraraðir. Andstaðingar reyndu því að færa sig upp á skaftið og nota skýrsluna til að sannfæra fólk um að best væri að endurskoða EES-samninginn eða segja honum upp. Á þessum tíma hafði líka verið mikil andstaða í Noregi við ýmsar tilskipanir sem átti að taka upp í gegnum EES-samninginn. Þar má nefna tilskipanir um auglýsingar í sjónvarpi, um starfsemi póstsins og um starfrækslu vinnuleiga og

tímabundinna starfsmanna. Meðal þeirra sem töluðu helst gegn EES-samningnum var Framfaraflokkurinn (Fremskrittspartiet). Í skoðanakönnunum sögðust um 30 prósent Norðmanna vilja að EES-samningnum yrði sagt upp. Um 75-80 prósent sögðu að þau væru andvíg því að Noregur gengi í ESB.

Þeir sem hlynntir voru aðild að ESB sögðu aftur á móti skýrsluna sýna fram á hversu mikilvægt evrópskt samstarf væri fyrir Noreg en hversu lítil áhrif Noregur hefði utan Evrópusambandsins. Ef Noregur gengi í Evrópusambandið gæti landið haft bein áhrif á stefnumörkun þess og löggjöf. Þar með yrði lýðræðishallinn leiðréttur.

Þrátt fyrir skiptar skoðanir um EES-samninginn og andstöðu við ESB vörðu stærstu flokkarnir á Stórþinginu samninginn og sögðu ekki koma til greina að segja honum upp og taka upp tvíhliða viðskiptasamband við ESB eins og andstæðingarnir lögðu til. Aftur á móti var ekki útilokað að ráðist yrði í einhvers konar endurskoðun á EES-samstarfinu meðal annars með hliðsjón af niðurstöðum skýrslu sérfræðinefndarinnar. Norska ríkisstjórnin hyggst leggja drög að og kynna hvítbók síðar á árinu þar sem farið verður yfir helstu niðurstöður skýrslunnar og lagðar fram tillögur um hvernig skuli bregðast við út frá henni.

Schengen

Stækkun Schengen samstarfsins

Áfram var frost í viðræðum um innlimum Rúmeníu og Búlgaríu í Schengen samstarfsins. Hollendingar höfðu gert kröfu um að framkvæmdastjórn ESB gerði úttekt á spillingu í stjórnsýslu ríkjanna og á réttarfari þeirra áður en þau yrðu formlegir aðilar að Schengen. Þegar Búlgaría og Rúmenía urðu aðilar að ESB árið 2007 var gert ráð fyrir að framkvæmdastjórnin gerði úttekt á framgangi og úrbótum í þessum málum auk aðgerða gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Framkvæmdastjórnin sendi frá sér slíka skýrslu í febrúar og mun gefa út nýtt álit á seinna tímabili ársins. Gert er ráð fyrir því að aðild Rúmeníu og Búlgaríu verði til umræðu á fundi Coreper nefndarinnar á seinni helmingi ársins en þó hefur ekkert verið ákveðið um hvenær hann verði settur á dagskrá.

Landamærareglur Schengen og matskerfi

Ráðherrar innanríkis- og dómsmála í aðildarríkjum ESB náðu loksins samkomulagi um breytingar á landamærareglum Schengen og matskerfi þess sem ræddar höfðu verið frá árinu áður. Upphaflega mættu tillögurnar andstöðu nokkurra aðildarríkja ESB auk framkvæmdastjórnarinnar og Evrópuþingsins. Danska formennskan að ráðherraráðinu setti fram málamiðlunartillögu milli aðildarríkja ESB sem meirihluti var fyrir og var hún því samþykkt á fundi ráðsins þann 7. júní 2012. EFTA-ríkin Ísland, Sviss, Noregur og Liechtenstein studdu málamiðlunartillögu Dana og tóku virkan þátt aðdraganda hennar með það að augnamiði að verja fullveldisrétt ríkjanna. Málamiðlunartillaga Dana var lögð fram í óþökk bæði framkvæmdastjórnar ESB og Evrópuþingsins. Eftirmálar þessa urðu að forsvarsmenn allra helstu flokka á Evrópuþinginu höfðu að hafa frekara samráð við dönsku formenskuna vegna innanríkis- og dómsmála. Sagði þingið að Danir hefðu brugðist trausti þess og vildi það því ekkert frekar með þá hafa. Breytingarnar heimila meðal annars tímabundið eftirlit á innri landamærum Schengen ríkjanna í sérstökum aðstæðum og að einstakar úttektir verði gerðar á skilvirkni Schengen samstarfsins. Tillögunum verður að öllum líkindum vísað til Evrópuþingsins sem mun skera úr um hvort þær samræmist Lissabon sáttmála sambandsins. Hafa bæði Evrópuþingið og framkvæmdastjórn ESB sagt að skera þurfi úr um lögmati tillagnanna.

Stjórnun Schengen

Í júní samþykkti ráðherraráð ESB að gera breytingar á pólitískri stjórnun og umgjörð Schengen samstarfsins til að bæta skilvirkni þess og ákvarðanatöku. Mun framkvæmdastjórnin meðal annars kynna skýrslu á hálfis árs fresti um þau mál sem eru í deigluinni hverju sinni fyrir Schengen samstarfið. Á næstunni verður meðal annars gerð úttekt á þrýstingnum á landamærum Schengen við Austur-Miðjarðarhafið og fólksflutningum innan Schengen svæðisins. Þessar úttektir verða svo kynntar ráðherraráðinu til að bæta stefnumörkun þess. Reglulega verða haldnar umræður um pólitíska stjórnun Schengen samstarfsins á vettvangi þess þar sem ráðleggingar framkvæmdastjórnarinnar verða til grundvallar. Í umræðum um tillöguna létu ýmis aðildarríki ESB í ljós mismunandi skoðanir á því hvernig hægt væri að bæta stjórnun samstarfsins enn frekar og má búast við því að þær hugmyndir verði ræddar eftir því sem fram líða stundir.

Vegabréfsáritanir

Viðræðum milli nefndar fastafulltrúa ESB-ríkja (Coreper) og Evrópuþingsins um aukið frjálsræði í vegabréfsáritunum var fram haldið. Þá var einnig rætt um tillögur um að innleiða svokallað öryggisákvæði vegna hugsanlegrar misnotkunar á slíkum samningum, eins og við Bandaríkin og Kanada. Þá voru tillögur um aukið gagnkvæmni í vegabréfamálum (reciprocity) langt á veg komnar og er gert ráð fyrir að leggja lokahönd á þær í formennskutíð Kypur að ráðherraráðinu. Nokkrar umræður voru um hvort auka ætti frjálsræði í vegabréfakröfum við einstök ríki, eins og Hvíta-Rússland, og veita undanþágur í sérstökum tilfellum, eins og vegna barna. Þær viðræður gengu aftur á móti afar brösulega og var ekki ljóst hvort framhald yrði á þeim.

Vegvísir um viðbrögð við innflytjendum

Ákveðið var að innleiða sérstakan vegvísi um viðbrögð við þeirri fjölgun innflytjenda sem leitar inn á Schengen svæðið, eins og eftir lýðræðisvakninguna í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum, eða Arabavorið svokallaða. Markmið vegvísisins var að safna saman upplýsingum og samhæfa aðgerðir milli aðildarríkja Schengen í málefnum innflytjenda og hælisleitenda. Í vegvísinum voru sett fram sex áhersluatriði, þar á meðal að efla samstarf við viðkomuríki, styrkja eftirlit á ytri landamærum Schengen og þá sérstaklega á landamærum Tyrklands og Grikklands og koma í veg fyrir misnotkun borgara utanaðkomandi ríkja á frjálsri för innan Schengen. Miklar umræður voru um stöðu þeirra ríkja sem helst urðu fyrir þrýstingi frá löndum utan Schengen vegna fólks sem leitaði inn á svæðið, eins og Grikklands, Ítalíu og Möltu. Skrifað var undir viljayfirlýsingu við stjórnvöld í Tyrklandi um endurvíðtöku þeirra flóttamanna sem færu yfir landamærin til Grikklands en uppfylltu ekki þau skilyrði sem þyrfti til að eiga rétt á hæli. Þá var talsvert rætt um ófriðinn í Sýrlandi og viðbrögð vegna hugsanlegra áhrifa hans á stöðu mála á Schengen svæðinu vegna þeirra flóttamanna sem þangað gætu leitað.

SISII kerfið

Á fyrri helmingi ársins var áfram unnið að því að innleiða SISII upplýsingakerfið fyrir Schengen samstarfið. Framkvæmdastjórn ESB, SIS II aðgerðarhópurinn (SISII Task Force) og Global Project Management Board (GPMB) hafa unnið ötullega að því að framkvæma prófanir og gera ráðstafanir svo hægt sé að taka nýja kerfið í gagnid. Í lok júní lágu niðurstöður fyrstu prófananna fyrir, svokallaðs annars áfanga eða Milestone II. Þær uppfylltu allar þær forsendur sem gefnar höfðu verið. Á síðari helmingi ársins verður farið í ítarlegri prófanir sem vonast er til að ljúki í haust. Þá verður hægt að taka kerfið í gagnid í byrjun næsta árs eins og áætlanir segja til um.

Samskipti við ESB

Rík samskipti eru milli sendiráðsins og stofnana ESB á fjölmörgum sviðum. Má þar helst nefna samskipti á borð við regulega fundi sendiherra með fastafulltrúum aðildarríkja ESB, fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar og þingmönnum á Evrópuþinginu. Þá eru og tíð samskipti sömuleiðis milli annarra fulltrúa sendiráðsins með fastanefndum aðildarríkjanna og fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar. Erindrekstur sendiráðsins einskorðast ekki við aðildarviðræðurnar við ESB heldur á hann ekki síður við um helstu hagsmunamál Íslands gagnvart ESB og aðildarríkjum þess og má þar helst nefna Icesave-mál, makríldeiluna og yfirvofandi viðskiptaþvinganir vegna þeirrar deilu. Auk þessarar brýnu mála eru mikil samskipti við stofnanir ESB á vettvangi utanríkis- og öryggismála sem og málefna norðurslóða sem mjög hafa verið í deiglu undangengin misseri. Þá hefur sendiráðið leitast við að efla ríkt tengslanet í Evrópuþinginu og lagt áherslu á að efla skilning fulltrúa þess á helstu hagsmunamál Íslands, ekki síst þau er varða sjávarútveg, landbúnað, umhverfi og sjálfbæra þróun.

Aðildarviðræður við ESB

Þann 30. mars sl. fór fram sérstök ríkjaráðstefna ESB og Íslands þar sem Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður, fór fyrir sendinefnd Íslands. Á fundinum voru fjórir kaflar í aðildarviðræðum Íslands og ESB formlega opnaðir og tveimur köflum lokað með fyrirvara. Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, fór fyrir sendinefnd Íslands á fjórðu ríkjaráðstefnu Íslands og ESB á ráðherrastigi þann 22. júní. Á fundinum var ákveðið að hefja samningaviðræður um þrjá nýja samningskafla. Alls hafa 18 kaflar verið opnaðir það sem af er og tíu þeirra verið lokað.

Utanríkisþjónusta ESB og Ísland

Þrátt fyrir fjölmargar áskoranir hefur ESB náð að setja á laggirnar skilvirka utanríkisþjónustu á þeim rúmum tveimur árum sem liðin eru frá því stofnanakerfi sambandsins tók að starfa eftir nýju skipulagi sem mælt var fyrir í Lissabonsáttmálanum. Ólíkar deildir og undirstofnanir voru steiptar saman með tilkomu utanríkisþjónustunnar (European External Action Service, EEAS) og hafa aðildarríkin ljáð henni liðsafla í takt við aukin verkefni og víðfeðma málaflokka. Þótt ekki sjái enn fyrir endann á þeirri þróun sem EEAS er í, má að sama skapi segja að rykið sé farið að setjast og að öflug ESB-stofnun hafi litið dagsins ljós. Sem fyrr er Catherine Ashton barónessa æðsti talsmaður stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum. Starf Ashtons er í raun þriðja. Í fyrsta lagi er hún æðsti talsmaður utanríkisstefnunnar, í öðru lagi gegnir hún embætti varaforseta framkvæmdastjórnarinnar og í þriðja lagi er hún formaður utanríkismálaráðs Evrópusambandsins. Æðsti talsmaðurinn fer með fyrirsvar í málaflokknum og stýrir pólitískum skoðanaskiptum við þriðju aðila fyrir hönd Evrópusambandsins. Málefni EES samningsins fluttust frá framkvæmdstjórninni yfir til EEAS og skiptir stofnunin því Íslendinga miklu máli og af því leiðir að það eru rík samskipti milli sendiráðsins og EEAS. Utanríkisþjónustan rekur 130 sendiskrifstofur um allan heim, m.a. eina í Reykjavík. Utanríkismál eru enn á forræði aðildarríkjanna en ekki ESB og er utanríkisþjónusta ESB hugsuð sem nokkurs konar viðbót og stuðningur við þá þjónustu aðildarríkjanna. Starfar EEAS því náið með utanríkisþjónustum aðildarríkjanna. Hefur þetta komið berlega í ljós á landssvæðum þar sem viðvarandi átök hafa átt sér stað og þar sem erindrekstur ESB-ríkja er takmörkunum háður. Til marks um það kemur um þriðjunugar starfsfólks utanríkisþjónustu ESB frá utanríkisþjónustum aðildarríkjanna hverju sinni. Aðkoma aðildarríkjanna að starfi utanríkisþjónustu ESB er í gegnum leiðtogaráðið (e. European Council), utanríkismálaráðið (e. Foreign Affairs Council) og nefnd fastafulltrúa (e.

COREPER II). Pólítísk aðkoma aðildarríkjanna að því er varðar stefnumótun og samhæfingu er því mikil og ber þar hæst að ákvarðanir í málaflokknum eru teknar samhljóða.

Á sviði utanríkismála hafa ýmsar mikilvægar ákvarðanir verið teknar á vettvangi ESB undanfarna sex mánuði, ekki síst er kemur að refsiaðgerðum ESB. Fyrirferðarmest hafa þó verið átökin í Sýrlandi sem og staða mála í Íran. Borgarastríðið í Sýrlandi hefur verið sem rauður þráður á ráðsfundum utanríkisráðherra ESB og refsiaðgerðir sem beinst hafa gegn valdhöfum í Damaskus verið margsinnis hertar, samfara stigmögnun átakanna í landinu. Ráðið hefur á sama tímabili stutt einarðlega við friðaráætlun Kofi Annans, sérlegs samningamanns Sameinuðu þjóðanna í Sýrlandi. Málefni Írans hafa sömuleiðis verið í brennidepli hjá ráðherraráðinu sem og utanríkisþjónustu ESB undanfarna mánuði. Um nokkurt skeið hefur ESB beitt stjórnvöld í Teheran refsiaðgerðum og þann fyrsta júlí sl. voru viðskiptaþvinganir víkkaðar út og beinast hér eftir að olíuútflutningi Írana. Er um afar víðtækar aðgerðir að ræða. Þá hafði ESB ákveðið í mars sl. að tilteknar íranskar fjármálastofnanir væru útilokaðar frá SWIFT-fjármagnsflutninganetinu. Refsiaðgerðir ESB gagnvart Íran eru þær umfangsmestu sem sambandið hefur beitt til þessa. EEAS hefur ennfremur verið virkur þátttakandi í kjarnorkuviðræðum Bandaríkjanna, Evrópuríkja og Rússlands við stjórnvöld í Teheran. Þá hefur farið nokkuð fyrir mannréttindamálum og ástand mála í Hvíta-Rússlandi verið ítrekað til umræðu á vettvangi ráðherraráðsins. Á vormánuðum voru refsiaðgerðir ESB gagnvart hvít-rússneskum stjórnvöldum víkkaðar út og ná nú til vissra kaupsýslumanna auk einstaklinga úr stjórnkerfinu. Af öðrum málum sem ályktað var um á vettvangi ráðherraráðsins á tímabilinu má nefna þróun mála í Mýanmar þar sem ráðið fagnaði umbótaáætlunum herforingjastjórnarinnar. Í aprílmánuði tók ráðherraráðið þá ákvörðun að aflétta þvingunaraðgerðum á stjórnvöld í landinu. Þá ákvað ráðið í febrúar að framlengja EUNAVFOR ATALANTA verkefni ESB fram til desember 2014, en markmið þess er að stemma stigu við skæðum sjóránnum undan Sómalíuströndum. Og í mars var tekin ákvörðun um formlega opnun fyrstu aðgerðarmiðstöðvar ESB á vettvangi, og er þar höfð umsjón með gæsluverkefnum sambandsins í og við Afríkuodda. Átök í Afríku komu nokkuð oft á borð ráðsins og var ályktað um óöld á Sahel-svæðinu og spennu í samskiptum Súðans og Suður-Súðans, svo tvö dæmi séu nefnd. Mannréttindamál voru í forgrunni á júnífundum ráðherraráðsins en þá samþykktu ráðherrarnir viðamikla rammaáætlun um mannréttindi og lýðræði sem starfað skyldi eftir næsta áratuginn. Þá var skipað í nýstofnað embætti sérlegs fulltrúa ESB í mannréttindamálum.

Þess má geta að Íslandi er með reglulegum hætti boðið að taka undir hinar fjölmörgu yfirlýsingar á vettvangi utanríkismála sem ESB sendir frá sér, líkt og öðrum EFTA-ríkjum og umsóknarríkjum, auk annarra ríkja. Á tímabilinu frá áramótum til júníloka tók Ísland undir 46 af 49 yfirlýsingum ESB.

Fulltrúar Íslands hafa fylgst með þróun þeirra mála sem hér að ofan eru rakin sem og fjölmargra annarra enda á Ísland margháttað og náið samráð við ESB. Annars vegar sækja fulltrúar Íslands, Noregs og Liechtenstein reglulega pólitíska samráðsfundi á vegum ýmissa vinnuhópa ESB vegna aðildar sinnar að EES. Alls er um fimm slíka fundi að ræða sem að jafnaði eru haldnir tvisvar á ári. Í fyrsta lagi er um að ræða COSCE-fundina þar sem meginumfjöllunarefnið er samskipti ESB við Evrópuráðið og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Í öðru lagi taka EES EFTA ríkin þátt í COEST-fundum þar sem rætt er um málefni Rússlands, ríkja Austur-Evrópu, Kákasus og Mið-Asíu, sem og málefni norðurslóða. Í þriðja lagi tekur Ísland þannig þátt í samráði á vettvangi COWEB-fundanna en þar er rætt um starf vinnuhóps ráðsins um ríki Vestur-Balkanskaga. Auk þessa sitja fulltrúar EES EFTA ríkjanna fundi COMEM/COMEP/COMAG sem eru vinnuhópar um Miðausturlönd-og Persaflóa, frið í miðausturlöndum og Norður Afríku. Fimmta tegund slíkra samráðsfunda sem

Ísland tekur þátt í fjallar um málefni Afríku og ber sá vinnuhópur nafnið COAFR. Hins vegar situr Ísland fundi á vegum utanríkisþjónustunnar sem umsóknarríki og aðildarríki Atlantshafsbandalagsins (NATO). Þar ber helst að nefna PSC + 7 og PSC + 9 fundina, en þau heiti vísa annars vegar til funda stjórn mála- og öryggisnefndar ESB með umsóknarríkjum og hins vegar fundir stjórn mála- og öryggisnefndarinnar með umsóknarríkjum og NATO ríkjum. Stjórn mála- og öryggisnefndin gegnir lykilhlutverki í utanríkisþjónustu ESB en hún er þungamiðjan í allri stefnumótun á sviðum utanríkismála. Þá situr Ísland fundi hermálanefndar ESB þegar hún fundar með NATO- og umsóknarríkjum. Og Ísland situr enn fremur pólitíska samráðsfundi um mannréttindamál (e. human rights consultations) sem haldnir eru með öllum umsóknarríkjum. Þess ber að geta að önnur ríki en aðildarríki ESB geta í sumum tilvikum tekið beinan þátt í aðgerðum á vegum sameiginlegu öryggis- og varnarmálastefnunnar. Í þeim tilvikum er sett á stofn nefnd framlagsríkja (e. Committee of Contributors) fyrir þau aðildarríki sem leggja til aðgerðastarfslíð, fjármagn eða búnað.

Að lokum má nefna að í byrjun júlímánaðar birti EEAS og skrifstofa framkvæmdastjórnarinnar endurmótaða norðurslóðastefnu ESB sem var afrakstur mikillar vinnu sem farið hafði fram á vettvangi stofnana ESB síðustu misseri. Í skýrslunni er fjallað um þau fjölmörgu verkefni sem ESB hefur sinnt á þessum vettvangi á undanförunum árum sem og að lítið er til framtíðar og þess hvert hlutverk ESB eigi að vera í þessum málaflokkum. Aukið mikilvægi norðurslóða á alþjóðavettvangi, hin brýnu úrlausnarmál og umsókn ESB um varanlega áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu myndar umgjörð þeirrar áherslu sem lögð er á norðurslóðir í störfum ESB með tilkomu hinnar nýju stefnu. Þess má geta að í skýrslunni er lögð áhersla á mikilvægi Íslands með tilliti til samstarfs um úrlausnarefni. Á vordögum kynntu fulltrúar utanríkisráðuneytisins fyrir EEAS og framkvæmdastjórninni stefnu Íslands um samstarf á norðurslóðum og ræddu hugsanlega snertifleti í nánara samstarfi við ESB.

Samskipti íslenskra stjórnvalda við Evrópuþingið

Evrópuþingið er sú stofnun ESB sem hefur aukist mjög að vægi með tilkomu Lissabon-sáttmálans eins og kunnugt er. Rík áhersla er því lögð á það í störfum sendiráðsins að viðhalda og bæta við skilvirkt tengslanet í Evrópuþinginu. Fjórar sendinefndir frá Evrópuþinginu lögðu leið sína til Íslands á fyrri helmingi ársins. Fyrst ber að nefna sendinefnd Evrópuþingsins í sameiginlegu þingmannanefnd EES (SINEEA), sem einnig sér um tvíhliða samskipti við Alþingi. Sameiginlega þingmannanefnd Íslands og Evrópuþingsins hélt sinn fjórða fund í Reykjavík í apríl. Þá var 38. fundur sameiginlegu þingmannanefndar EES haldinn í maí á Akureyri. Þórir Ibsen, sendiherra, hélt erindi á undirbúningsfundi fyrir sameiginlegan þingmannafund ESB og Íslands í mars. Í öðru lagi, fóru fulltrúar sjávarútvegsnefndar Evrópuþingsins til Íslands í maí. Sendiherra hitti meðlimi hennar fyrir og eftir að þeir fóru í þá ferð. Samskipti Íslands við nefndina færðust mjög í aukana á tímabilinu enda vinnur hún meðal annars að endurskoðun sameiginlegu sjávarútvegsstefnu ESB í samstarfi við framkvæmdastjórnina og ráðherraráðið. Sendiherra Íslands ásamt fulltrúa sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins hitti lykilþingmenn í því starfi á tímabilinu. Síðast ber að nefna hóp frá ECR stjórn málaflöknum sem fóru til Íslands í boði Sjálfstæðisflokksins í júní.

Auk endurskoðunar sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar fer Evrópuþingið einnig með veigamikil hlutverk við endurskoðun hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB í samvinnu við framkvæmdastjórnina og ráðherraráðið. Sendiherra Íslands, ásamt fulltrúa sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, hefur hitt lykilþingmenn úr landbúnaðarnefnd þingsins í því augnamiði að upplýsa um hagsmuni íslensks landbúnaðar. Þá hefur sendiherra átt fundi með umhverfisfulltrúum stjórn málaflökka Evrópuþingsins og kynnt þeim áherslur Íslands í

umhverfismálum. Þá hefur sendiherra átt gagnlega fundi með völdum fulltrúum utanríkismálanefndar þingsins og rætt við þá um fiskveiðar og ályktun þingsins um stækkunarferli Íslands. Auk þessarar funda hefur verið efnt til sértækra funda með lykilþingmönnum sem hafa haft málefni er varða hagsmuni Íslands á málaskrá sinni. Þá ber einnig að nefna að tengsl hafa verið mynduð við framkvæmdastjóra helstu þingflokkanna. Að lokum ber að nefna að þann 15 maí átti Hjálmar W. Hannesson, sendiherra og fulltrúi Íslands í Norðurskautsráðinu, fundi í Evrópuþinginu og ræddi málefni norðurslóða við lykilþingmenn, ásamt þeim Þóri Ibsen sendiherra og Andra Lútherssyni sendiráðunauti.

Formennskuríki ESB 2012

Formennska Dana að ráðherraráði ESB fyrri hluta ársins lagði fram áætlun í nokkrum liðum sem hún hugðist koma í gegn á tímabilinu. Danir sögðu að þeir ætluðu að stuðla að ábyrgari, kraftmeiri, grænni og öruggari Evrópu. Á tímabilinu lögðu Danir sérstaka áherslu á framfarir í umhverfis- og efnahagsmálum. Þeir héldu auk þess áfram vinnu sem miðaði að því að búa til reglur vegna fjárhagsramma ESB fyrir 2014-2020 (Multiannual Financial Framework). Danir störfuðu saman að formennskuáætlun sinni með Pólverjum og Kýpverjum. Kýpverjar ljúka samstarfinu í lok þessa árs en þeir tóku við keflinu af Dönum í byrjun júlí.

Formennska Dana (janúar – júní 2012)¹⁸

Ábyrg Evrópa: Á tímabilinu luku Danir við fyrsta áfanga Evrópumissisins (European Semester) sem miðar að því að samhæfa efnahagsáætlanir aðildarríkja ESB. Framkvæmdastjórnin mun bera ábyrgð á að greina þær og koma fram með ráðleggingar sem þeim tengjast. Formennskan náði samkomulagi við Evrópuþingið um reglugerð sem dregur úr áhættu á afleiðumarkaðnum. Þá náði ráðherraráðið samkomulagi um áætlun að efnahagsstjórn, um tilskipun um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja og endurskoðun reglugerðar um starfsemi matsfyrirtækja. Þá kynnti danska formennskan skýrslu um endurskoðun MiFID-tilskipunarinnar um samhæfðar reglur fyrir fjárfestingastarfsemi á innri markaði ESB.

Kraftmeiri Evrópa: Á tímabilinu náði ráðherraráðið samkomulagi um fjölda mála sem eyrnamerkt voru kraftmeiri Evrópu. Ráðherraráðið náði samkomulagi um ICT-tilskipunina um forsendur fyrir dvöl og inngöngu borgara utan ESB vegna breytinga á starfsmannahaldi fjölþjóðafyrirtækja, um tilskipanir fyrir bókhald sem einfaldar kröfur til smærri fyrirtækja og um úrlausn viðskiptalegs ágreinings. Þá náðu ráðherraráðið og Evrópuþingið samkomulagi um ályktanir fyrir starfsemi áhættufjármagns- og samfélagssjóða. Ráðherraráðið samþykkti einnig tvær pakkatilögur fyrir starfsemi flugvalla, leikreglur fyrir samevrópskt flutningsnet (TEN-T) og ályktun um stjórnun sameiginlega markaðarins fyrir stafrænt efni. Sömuleiðis náði formennskan samkomulagi við Evrópuþingið um nýja hagvaxtar og atvinnuskapandi áætlun ESB, endurskipulagningu evrópskra einkaleyfa, samstæðu fyrir stöðlun vara og þjónustu, upplýsingakerfi fyrir innri markaðinn (IMI), reglugerðir að tvíhliða fjárfestingasamningum, Roaming III um opinber farsímanet og almennu forgangskerfi og tilskipanir að samtengingu skráningakerfa fyrirtækja og réttindum afkomenda eigenda hugverka. Þá var einnig samið um að hefja tilraunir með útgáfu verkefnabréfa (project bonds).

Græn Evrópa: Danir náðu samkomulagi við Evrópuþingið um tilskipanir um orkunýtni, hlutfall kvikasilfurs í eldsneyti skipa og stjórnun meiriháttar umhverfisslysa (Saveso III). Samkomulag náðist sömuleiðis um reglugerðir vegna útflutnings hættulegra efna og

¹⁸ Nánari upplýsingar um þau mál sem lokið var undir formennsku Dana að ráðherraráðinu má finna á eftirfarandi vefslóð: <http://eu2012.dk/en/NewsList/Juni/Uge-26/achievements>

regluramma vegna orkusamninga sem gerðir eru við ríki utan ESB. Ráðherraráðið samdi um reglur fyrir matvæli sem nota á í sérstökum næringarlegum tilgangi. Ráðherraráðið samþykkti sömuleiðis ályktanir fyrir Rio +20 fund Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál og vegna eftirmála elleftu loftslagsráðstefnu SP (COP 11) og fjölþjóðaráðstefna um meðferð efna og kvikasilfurs. Ráðherraráðið samþykkti sjöundu umhverfisaðgerðaáætlun ESB og aðgerðir sem eiga að fylgja eftir þeim ályktunum sem samþykktar voru á sautjándu loftslagsráðstefnu SP í Durban. Þá kynntu Danir vegvísi sinn að því hvernig megi skapa samkeppnishæft en umhverfisvænt hagkerfi fyrir árið 2050.

Örugg Evrópa: Danir náðu samkomulagi við Evrópuþingið um tilskipanir um lágmarksviðmið vegna réttinda, aðstoðar og verndar fórnarlamba glæpa og vegna árása á upplýsingakerfi. Þá náðu þeir samkomulagi um reglugerð vegna uppgjörs alþjóðlegra erfðamála. Þá samþykkti ráðherraráðið að veita Serbíu stöðu umsóknarríkis að ESB og kynnti stöðuskýrslu vegna aðildarferlisins við Ísland. Það samþykkti einnig endurskoðun Brussel I reglugerðarinnar sem kveður á um valdheimildir dómstóla, að koma upp evrópsku kerfi fyrir nöfn farþega, aðgerðaáætlun vegna ólöglegra innflytjenda, stjórnun, matskerfi og landamærareglum Schengen auk tilskipunar um meðferð hælisumsókna.

Formennska Kýpur (júlí – desember 2012)¹⁹

Kýpverjar kynntu forgangsmál sín sem þeir kölluðu „Í átt að betri Evrópu“. Vildu þeir færa Evrópusambandið nær evrópskum almenningi og bæta tengsl þess við umheiminn. Þeir lögðu áherslu á fjögur atriði: Skilvirkni og sjálfbærni, hagvöxt og öflugra hagkerfi, félagslega samheldni og aukna þátttöku og áhuga almennings, og loks að færa ESB nær nágrönnum þess. Kýpverjar lögðu sérstaka áherslu á atvinnusköpun fyrir ungmenni, en miklar áhyggjur voru af þeim fjölda ungs fólks sem var atvinnulaus í Evrópu, einkum í syðri hlutum Evrópu. Kýpverjar töldu nauðsynlegt að dýpka samruna Evrópu og félagslega samheldni til að skapa betri lífsskilyrði fyrir Evrópubúa. Þeir töldu mikilvægt að auka aðhald í ríkisrekstri til að endurvekja traust markaða og stuðla að stöðugleika en vildu sömuleiðis styðja aðgerðir sem ykju hagvöxt og sköpuðu störf. ESB þyrfti sömuleiðis að styrkja hlutverk sitt á alþjóðlegum vettvangi og efla samstarf við næsta nágrenni.

Skilvirkni og sjálfbærni: Kýpverjar lögðu höfuðáherslu á að klára samningaviðræður þar sem frá var horfið vegna fjárhagsramma ESB árin 2014-2020. Þeir vildu búa til sanngjarnan en skilvirkan fjárhagsramma fyrir ESB sem styddi hagvöxt og atvinnusköpun. Áhersla verði lögð á að fjármunum verði varið skynsamlega og að þau verkefni sem ESB styrki skapi raunveruleg verðmæti. Kýpverjar vildu bæta heildarsamvirkni í efnahagsstefnum aðildarríkja ESB. Sú sýn yrði leiðandi í samningaviðræðum vegna endurskoðunar á sameiginlegri fiskveiði og sjávarútvegsstefnu ESB, samheldnistefnu ESB og rannsóknar- og nýsköpunaráætlun ESB. Kýpverjar hugðust líka kanna orkustefnu ESB og hvernig hún tengist samevrópskum samgöngu- og fjarskiptanetum og áætlunum um að styrkja þau. Kýpverjar töldu mikilvægt að hrinda tengdum verkefnum í framkvæmd sem efla samkeppnishæfni Evrópu sem bæti stoðkerfi Evrópu og styrki efnahagslega, félagslega og svæðisbundna samheldni aðildarríkja ESB. Kýpverjar hugðust sömuleiðis leggja áherslu á sjálfbæra þróun þar sem farið væri eftir samþykktum Rio +20 fundar Sameinuðu þjóðanna. Kýpverjar vildu líka efla grænan hagvöxt með sjálfbæra nýtingu auðlinda að leiðarljósi, sérstaklega vatns. Þeir töldu mikilvægt að ESB innleiddi samþykktir í lofslags-, umhverfis- og orkumálum. Kýpverjar hugðust sömuleiðis endurvekja viðræður um sameiginlega siglingastefnu ESB sem taki á viðeigandi áskorunum.

¹⁹ Nánari upplýsingar um formennskuáætlun Kýpverja má nálgast á eftirfarandi vefslóð:
<http://www.cy2012.eu/index.php/en/file/x8yAAZB3R8D2nxXo9+AUZw==/>

Hagvöxtur og öflugra hagkerfi: Formennskan vildi koma fram með nýjan og öflugri ramma fyrir efnahagsstjórn aðildarríkja ESB og efla eftirlit með fjármálum þeirra til að ná fjárhagslegum stöðugleika. ESB þurfi að ná sér á strik í kjölfar bankahrunsins og efla hagvöxt. Þess vegna munu Kypverjar leggja áherslu á að áætlun ESB um Evrópu til ársins 2020 (Europe 2020) verði innleidd og fylgt eftir. Þeir töldu gríðarlega mikilvægt að styrkja þann ramma sem gildi fyrir fjármálastarfsemi með því að innleiða aðgerðir sem auki gagnsæi á markaðnum, neytendavernd og efnahagsstjórn. Mikilvægt sé að dýpka innri markaðinn nú þegar hann haldi upp á tuttugu ára afmæli sitt með því að styðja við starfsemi smárra og meðalstórra fyrirtækja. Formennskan mun sömuleiðis leggja kapp á að búa til skilvirkan markað með stafrænt efni sem samrýmist stafrænni áætlun ESB.

Félagsleg samheldni: Kypverjar lögðu áherslu á að efla atvinnusköpun fyrir ungt fólk á tímabilinu. Þá hugðust þeir koma því í kring að sameiginlegu hælisleitendakerfi verði komið á laggirnar í lok ársins. Áhersla verður lögð á hagnýtt samstarf milli aðildarríkja ESB þar sem réttindi hælisleitenda verði varin. Formennskan hugðist líka vinna að málum sem tengjast Evrópuári virkrar öldrunar og samheldni kynslóða (European Year of Active Ageing and Solidarity between Generations) auk þess að efla heilbrigði almennings og velferð barna, svo sem með því að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma, styðja heilbrigðan lífsstíl og draga úr fátækt.

Alþjóðlegt samstarf: Kypverjar ætluðu að vinna náið með utanríkis- og öryggismálafulltrúa ESB og utanríkisþjónustu ESB. Þar yrði lögð áhersla á syðri þátt nágrannastefnu ESB og að styrkja tengsl við samstarfsríki ESB við Miðjarðarhafið. Stuðla á að samskiptum við alla þætti samfélagsins þar. Formennskan vildi halda áfram þar sem frá var horfið í stækkunarstefnu ESB og aðildarviðræðum við umsóknarríki eins og Ísland. Styrkja átti fæðuöryggi þannig að farið væri eftir þróunarmarkmiðum ESB. Styrkja átti stefnu ESB í utanríkisviðskiptum.

Leiðtogafundur ESB í júní

Skuldakreppan á evrusvæðinu hefur verið meginviðfangsefni tíðra leiðtogafunda ESB á fyrri hluta þessa árs enda úrlausnarefnin afar knýjandi. Síðasti leiðtogafundurinn var haldinn í Brussel 28.-29. júní þar sem stöðugleiki evrunnar var í forgrunni sem endranær. Á fundinum komust leiðtogarnir að samkomulagi sem felur í sér umfangsmiklar breytingar á evru samstarfinu. Þar ber helst að nefna sameiginlegt evrópskt fjármálaeftirlit sem verður í höndum Evrópska seðlabankans. Þá var einnig ESM neyðarsjóðnum veitt heimild til að veita fjármálastofnunum í erfiðleikum beina fjárhagsaðstoð án aðkomu aðildarríkja ESB. Spánverjar munu þó njóta aðstoðar úr EFSF sjóðnum þangað til ESM tekur til starfa í júlí. Leiðtogarnir veittu sömuleiðis ESM sjóðnum sveigjaleika til þess að fjárfesta í ríkisskuldabréfum á mörkuðum. Rætt hefur verið um að þar með hafi Angela Merkel, Þýskalandskanslari, beðið ósigur og þurft að gefa eftir því hingað til hefur hún verið algjörlega mótfallin útgáfu svokallaðra evruskuldabréfa. Leiðtogarnir samþykktu einnig sáttmála um vöxt og atvinnusköpun, sem er aðgerðaáætlun sem ætlað er að auka samkeppnishæfni Evrópu. 120 milljörðum evra verður varið til þess að auka hagvöxt. Fjárfestingabanki Evrópu fær líka tíu milljarða evra aukalega sem verja á til að styðja við smá og meðalstór fyrirtæki og atvinnusköpun ungs fólks. Ákveðið var að gefa út svokölluð verkefnaskuldabréf (project bonds) strax í sumar sem nota á í verkefni í orku-, samgöngu- og fjarskiptageiranum. Rætt var um fjárhagslega rammaáætlun ESB sem nær frá 2014 til 2020. Voru leiðtogarnir sammála að frekari viðræður þyrftu að beinast að forgangsmálum fyrir fjárfestingar og hvernig skuli tryggja að fjárfestingarnar beri árangur. Ræða á hvernig sé hægt að nota fjármuni ESB til að skapa hagvöxt og á að ljúka viðræðunum fyrir lok þessa árs. Leiðtogafundurinn tók fyrir skýrslu forseta ráðherraráðsins, framkvæmdastjórnarinnar,

Evrópska seðlabankans og evruhápsins sem hefur fengið yfirskriftina „Towards a genuine Economic and Monetary Union” og lagði grunninn að samningaviðræðum vikunnar. Skýrslan verður notuð sem leiðarvísir fyrir frekari aðgerðir til að styrkja ESB sem efnahagsbandalag. Framkvæmdastjórninni og öðrum stofnunum ESB verður nú falið að fylgja eftir ákvörðun leiðtogafundarins sem felur meðal annars í sér að kanna hvort breytingarnar samræmist Lissabon sáttmálanum.

Efst á baugi á Evrópuþinginu

Inngangur

Í janúar var Martin Schulz (Flokkur jafnaðarmanna og lýðræðissinna) kjörinn forseti Evrópuþingsins með 387 atkvæðum af 670. Nirj Deva (Flokkur íhaldssamra og umbótasinna) fékk næst flest atkvæði, eða 142 talsins, og Diana Wallis (Flokkur frjálslyndra og jafnaðarmanna) fékk 141 atkvæði. Þingið valdi auk þess fjórtán varaforseta og fimm fjármálastjóra. Hannes Swoboda, frá Austurríki, tók við af Schulz sem leiðtogi Flokks jafnaðarmanan og lýðræðissinna. Þá tók Martin Callanan við sem leiðtogi Flokks frjálslyndra og jafnaðarmanna. Í lok fyrsta ársfjórðungs tók Lothar Bisky við keflinu af Gabriele Zimmer sem formaður flokks Norrænna grænna. Evrópuþingið skipaði sérstaka nefnd um skipulagða glæpastarfsemi til að rannsaka misferli í efnahagskerfi ESB, opinberri stjórnsýslu og fjármálakerfi.

Formennska Dana

Evrópuþingið hrósaði formennsku Dana að ráðherraráðinu fyrir raunsæja og kraftmikla nálgun á málin. Í júní urðu hinsvegar miklar deilur milli þingsins og ráðherraráðsins vegna breytinga sem ráðherraráðið samþykkti einhliða á Schengen samstarfinu sem skyggði á annars farsælt samstarf. Þingmennirnir gagnrýndu einnig margir hverjir Dani fyrir að draga fæturna í að finna lausnir við efnahagsvandann og atvinnuleysi og deila um staðsetningu einkaleyfisdomstóls. Þegar Kypverjar tóku við í byrjun júlí og forseti Kýpur kynnti áherslur þeirra fyrir þinginu lagði hann áherslu á að ráðast gegn fátækt og félagslegri útilokun, að ná saman um fjárhagsáætlun til lengri tíma og fjárlög ársins 2013, ná árangri í viðræðum um stefnu í orkumálum, rannsóknun og nýsköpun og endurskoðun sameiginlegu fiskveiði- og landbúnaðarstefnunnar. Þingmenn létu áhyggjur sínar í ljósi yfir því að Tyrkir höfðu tekið afstöðu gegn Kypverjum en sögðu að það þyrfti að gæta beggja samfélaga á eyjunni.

Efnahagsmál

Efnahagsmál voru í kastljósinu í umræðum Evrópuþingsins fyrri helming ársins. Forseti Evrópuþingsins mætti á sinn fyrsta leiðtogafund í febrúar til marks um að Evrópuþingið væri haft með í ráðum í ákvörðunum sem tengjast efnahagsvandann. Evrópuþingmenn lögðu áherslu á að gripið yrði til nýrra aðgerða sem sköpuðu hagvöxt. Evrópuþingmenn voru almennt ánægðir með þá stefnu sem var tekin á leiðtogafundi ESB í júní og báðu framkvæmdastjórnina um að koma fram með lagaramma í september sem tæki mið af þeim fjórum markmiðum sem voru kynnt í skýrslu forseta ráðherraráðsins Van Rompuy.

Í janúar samþykkti Evrópuþingið ályktun um samkomulag um fjármálastöðugleika. Um miðjan febrúar studdi það áform um svokölluð evrubréf. Evrópuþingmenn töldu þau mikilvægan hlekk í að leysa vandann. Í mars vorðu fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar, Evrópska seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins efnahagsáætlun Grikklands fyrir efnahagsnefnd þingsins. Þeir sögðu að Grikkir þyrftu að gera efnahagslegar umbætur, ná pólitískri samstöðu og ráðast gegn rót vandans. Evrópuþingmenn sögðu styðja áætlun sem

verði félagslega kerfið og styddi aðgerðir sem sköpuðu hagvöxt. Þeir hvöttu aðildarríki til að skoða fyrirkomulag skattheimtu til að koma í veg fyrir skattsvik og ráðast gegn undanskotum til skattaparadísa. Þeir samþykktu ályktun um aðlögunartíma ríkja fyrir notkun CCCTB kerfis um skattlagningu á hagnað fyrirtækja. Þá var rætt um tillögur um skattlagningu fjármagnsflutninga. Evrópuþingið óskaði eftir því við framkvæmdastjórnina að tillagan yrði hönnuð þannig að hún beindist að stórviðskiptum og gerði undanskot óhagstæð.

Evrópuþingmenn ræddu einnig hugmyndir að sameiginlegu innistæðutryggingakerfi, OTC afleiður, efnahagsstjórnun, veðlánamarkaðinn og starfsemi matsfyrirtækja. Þeir samþykktu ályktun sem heimilaði að fresta áætlunum vegna svæðisbundinna þróunarverkefna. Þá samþykktu þeir að búin yrðu til svokölluð verkefnabréf sem leggja fram 230 milljónir í evra til að styðja við uppbyggingu stoðkerfa, eins og samgöngumannvirkja.

Dóms- og innanríkismál

Schengen var ofarlega á baugi í umræðum þingsins eftir að Nicholas Sarkozy, fyrrverandi forseti Frakklands, hótaði því að draga Frakka úr samstarfinu ef ekki yrðu gerðar breytingar á því. Evrópuþingmenn brugðust harkalega við og sögðu Sarkozy vera þjóðernissinna og grafa undan evrópskum gildum. Þeir fordæmdu einnig vefsíðu sem Flokkur frjálslyndra í Hollandi setti á laggirnar. Þar var fólki boðið að koma ábendingum á framfæri um fólk sem starfaði ólöglega í Hollandi. Þeir fjölluðu einnig um fjarskiptaeftirlit við landamæri Hollands og eftirlit þýskra stjórnvalda með hópferðarbifreiðum frá Tékklandi. Þingið kallaði eftir því að Svisslendingar tækju aftur ákvörðun um kvóta vegna dvalarleyfa fyrir Austur-Evrópubúa. Þá urðu heitar umræður um breytingar á landamærareglum og matskerfi Schengen samstarfsins í júní í kjölfar ákvörðunar ráðherraráðsins um að gera breytingar sem gerðu ekki ráð fyrir beinni þátttöku þingsins. Forsetar stjórnarmálaflökkanna á Evrópuþinginu frábáðu sér frekara samstarf við ráðherraráðið á sviði dóms- og innanríkismála.

Stækkunarmál

Evrópuþingið samþykkti ályktun um aðildarferli Íslands í framhaldi af framvinduskýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá árinu 2011. Ályktunin var samþykkt með 596 atkvæðum, 52 voru á móti (samanstöðu þau atkvæði af breskum íhaldsmönnum og flokksbræðrum þeirra í ECR-flokknum, flokki evrópskra íhaldsmanna og umbótasinna) og 36 sátu hjá (Norraenir grænir). Ályktunin fór fögrum orðum um hugsanlega aðild Íslands að ESB en að sama skapi kom skýrt fram að Evrópuþingmenn höfðu enn áhyggjur af því hvaða áhrif Icesave málið, makrílveiðar Íslendinga og álit almennings á Íslandi á aðildarferlinu hefði á viðræðurnar. Þá samþykkti þingið sömuleiðis ályktun þar sem kallað var eftir því að hafnar yrðu aðildarviðræður við Makedóníu og harmað þau mál sem ráðherraráðið hafði vakið máls á eins og nafngift ríkisins. Evrópuþingmenn höfðu áhyggjur af hægagangi í aðlögun Bosníu Hersegóvínu að Evrópusambandinu. Þá fögnuðu þeir nýrri nálgun framkvæmdastjórnarinnar í samskiptum við Tyrkland en hvöttu Tyrki til að bæta réttarfar landsins og standa vörð um félagafrelsi. Þeir sögðu harma að Tyrkir hygðust frysta öll samskipti sín við ESB þegar Kypur tæki við formennskunni að ESB. Þingið fagnaði ákvörðun ráðherraráðs ESB um að veita Serbíu stöðu umsóknarríkis en höfðu áhyggjur af stöðu minnihlutahópa þar. Þeir hvöttu sömuleiðis öll aðildarríki ESB til að viðurkenna sjálfstæði Kosovo. Þingið viðurkenndi að umtalsverðar framfarir hefðu átt sér stað í Svartfjallalandi og fögnuðu ákvörðun ráðherraráðsins að hefja aðildarviðræður í júní. Evrópuþingið hóf að eigin frumkvæði skoðun á stækkunarstefnu sambandsins og forgangsmálum hennar. Greitt verða atkvæði um niðurstöður þeirrar yfirferðar í september.

Mannréttinda-, utanríkis- og þróunarmál

Evrópuþingið beindi sjónum sínum að stöðu mannréttinda í heiminum á tímabilinu. Það samþykkti ályktun þar sem er kveðið á um að grundvallarréttindi skuli vera viðurkennd þegar ESB framfylgir stefnu sinni um innra öryggi. Evrópuþingmaðurinn Richard Howitt kynnti ársskýrslu um stöðu mannréttinda í heiminum í apríl þar sem mælt var með að skipa sérstakan mannréttindafulltrúa fyrir ESB. Í skýrslunni voru einnig Bretar og Frakkar gagnrýndir fyrir að leggjast gegn aðild ESB að mannréttinasáttmála Evrópu og að grafa undan valdheimildum Mannréttindadómstóls Evrópu.

Þingmennirnir gagnrýndu sömuleiðis hvernig ESB hefur haldið á þróunaraðstoð sambandsins og hvernig sjóðir þess eru notaðir í samstarfi Sameinuðu þjóðanna. Þingið mótmælti harkalegum niðurskurði í þróunaraðstoð til ellefu ríkja með miðlungstekjur í Mið- og Suður-Ameríku í fjárlögum sambandsins 2014-2020. Evrópuþingmenn vöktu einnig máls á réttindum LGBT hópa. Þeir gagnrýndu lög og ofbeldi sem beindust gagnvart þessu fólki. Þeir kölluðu eftir því að réttur fólksins til hjónabands og samvistar yrði viðurkenndur.

Evrópuþingið samþykkti ályktun þar sem mansal á Sinai svæðinu var fordæmt. Þeir fordæmdu sömuleiðis hryðjuverkaárásir sem gerðar höfðu verið í Kano í Nígíeríu, stjórnarbyltingu hersins í Gíneu-Bissá og í Malí. Þingmennirnir höfðu einnig áhyggjur af stöðu mála í Súdan og togstreitu vegna misskiptingu auðs og landamæradeilna. Þeir kölluðu eftir því að Súdan og Suður-Súdan leituðu lausna á málinu og innleiddu vegvísir Sameinuðu þjóðanna sem samþykktur var í maí.

Ófriðurinn í Sýrlandi var margsinnis ræddur á Evrópuþinginu. Það gagnrýndi Rússa og Kínverja fyrir að leggjast gegn ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og kallaði eftir því að ESB gripi til ráðstafana þegar virtist vera sem ekki yrði staðið við friðaráætlun Kofis Annans. Stjórnarandstæðingar í Sýrlandi útskýrðu afstöðu þeirra fyrir AFET nefnd þingsins og báðu hana um að sameinast í baráttunni gegn Assad eins og þeir gerðu fyrir mótmælendur í Líbúu.

Evrópuþingið samþykkti nýjar þvingunaraðgerðir gegn Íran í febrúar. Það lýsti yfir áhyggjum þess af stöðu mannréttinda í Íran og í Bahrein. Það fylgdist náið með kosningum í Rússlandi og hvatti stjórnvöld í Rússlandi til að gera breytingar á kosningalögum landsins til að tryggja frjálsar og sanngjarnar kosningar. Þeir kölluðu eftir því að Vladimir Pútín, forseti Rússlands, hæfi samræður við mótmælendur.

Mannréttindi í Hvíta Rússlandi og Úkraínu voru einnig ofarlega á baugi í dagskrá þingsins. Það varaði stjórnvöld í Hvíta-Rússlandi við því að þeir þyrftu að fylgja ströngum viðmiðum eftir í samskiptum við ESB. Þingmennirnir kröfðust þess að Úkraína bætti málsmeðferð í réttarfari landsins og vísuðu sérstaklega til málaferla gegn Júlíu Tímosjenkó. Loks lögðu Evrópuþingmenn mat á kosningar í Mjanmar og ítrekuðu ósk sína að Aung Suu Kyi yrði boðið að kynna þeim áherslur hennar og taka við Sakharov verðlaununum.

Önnur mál

Evrópuþingið lagði mat á tvær samþykktir á fyrri helmingi ársins. Annars vegar samning um flugferðir við Bandaríkin og hinsvegar um ACTA-samninginn svokallaða sem fjallar um verndun hugverkarréttinda. Þingið samþykkti flugferðasamninginn en hafnaði ACTA samningnum. Þetta þýðir að samningurinn verður ekki að lögum þrátt fyrir að fulltrúar aðildarríkja ESB hafi þegar samið um að gerast aðilar að honum. Þetta var í fyrsta skipti sem

Evrópuþingið notaði þær valdheimildir sem því voru gefnar í Lissabon-sáttmálanum til að hafna alþjóðlegum viðskiptasamningi.

Evrópuþingið samþykkti sömuleiðis ályktanir sem óskuðu eftir því að framkvæmdastjórnin legði drög að löggjöf að bankaþjónustu fyrir þau tíu prósent Evrópubúa sem njóta engrar slíkrar. Meðal annarra ályktana sem Evrópuþingið samþykkti má nefna: Að neyðarsímkerfi verði sett upp í allar bifreiðar fyrir árið 2015, að þjónusta vatnsveitna verði bætt og að reglum um velferð dýra verði framfylgt. Þingmenn samþykktu ný tæknileg viðmið fyrir stafræna þjónustu og reikigjöld.

Menningarmál

Ísland var heiðursgestur á bókamessunni í Frankfurt árið 2011. Í framhaldi af athöfninni í Frankfurt stóð sendiráðið fyrir veggspjaldasýningu um íslenska samtímahöfunda í sýningarrýmum hinna ýmsu ESB-stofnana í Brussel. Þann 8. febrúar opnaði sýningin í húsaýrnum framkvæmdastjórnar ESB í Madou hverfinu. Þórir Ibsen, sendiherra, og Jan Truszczynski, yfirmaður á menntasviði framkvæmdastjórnar ESB, opnuðu sýninguna formlega. Matthias Wegner K hannaði sýninguna með ljósmyndum af rithöfundunum sem Kristinn Ingvarsson tók og texta um þá sem Pétur Blöndal skrifaði. Í sýningunni er varpað ljósi á hvernig bókmenntasaga og arfur Íslendinga hefur áhrif á nútímaverk höfunda. Á opunarathöfninni spilaði Björk Óskarsdóttir á fiðlu lög eftir Sigfús Halldórsson og Atla Heimi Sveinsson. Þá var heimildarmynd Helgu Brekkan Iceland's Artists and Sagas um íslenska samtímahöfunda sýnd.

Eftir að sýningin hafði notið sín hjá framkvæmdastjórninni var hún sett upp í Evrópuþinginu, upplýsingamiðstöð ESB og héraðsstjórn ESB. Síðasti viðkomustaður hennar voru húsaýrni skrifstofu EFTA í Brussel, við Rue Joseph II. Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, opnaði sýninguna þá formlega ásamt Bergdísí Ellertsdóttur, aðstoðarframkvæmdastjóra EFTA.

Sýningin var sett upp sem hluti af stefnu sendiráðsins við að efla kynningu á íslenskri samtímalist og bókmenntum í umdæmisríkjum sendiráðsins og í stofnunum ESB. Stefnt er að því að setja sýninguna upp í ýmsum menningarstofnunum í umdæmisríkjum sendiráðsins á síðari hluta ársins.

Þá má geta þess að sendiráðið styrkti þátttöku listamannanna Heklu Daggar Jónsdóttur, Sigurðar Atla Sigurðssonar og Ingibjargar Magnadóttur og gerð sýningarskrár um verkefnið *La terra vista dal mare* (The Lands seen from the Sea) sem haldin var í Museum of Contemporary Art of Villa Croce í Genóa dagana 4. febrúar til 4. maí 2012. Um er að ræða áhugavert samstarfsverkefni sem tengir smáríki Evrópu á sviði myndlistar - gegnum *Little Constallation* netið sem á upphaf sitt í San Marino, sem er umdæmisríki sendiráðsins.